

STÖNDUM SAMAN

7., 8. OG 9. BEKKUR



ERUÐ ÞIÐ KLÁR?

TÓBAKSLAUS BEKKUR 2014-2015



Embætti
landlæknis

Samkeppnin Tóbakslaus bekkur er nú haldin í sextánda sinn hér á landi. Embætti landlæknis stendur að samkeppninni en þátttakan hefur verið góð frá upphafi. Öllum 7. og 8. bekkjum í landinu hefur verið boðið að vera með ef enginn nemandi í bekknum notar tóbak. Í ár er 9. bekk einnig boðið að taka þátt í fyrsta sinn. Á alþjóðavísu heitir samkeppnin *Smokefree Class Competition* og var fyrst haldin í Finnlandi árið 1989.

Markmið samkeppinnar

- Að hvetja nemendur til að vera „frjálsa – tóbakslausa“ og byrja ekki að fíkta við að nota tóbak.
- Að hvetja þá sem eru byrjaðir að fíkta til að hætta áður en þeir verða háðir nikótíni.
- Að sýna fram á að reykingar eru óæskilegt og lífshættulegt atferli.
- Að hvetja til umræðna um notkun tóbaks meðal nemenda með það að leiðarljósi að þeir verði alltaf „frjálsir – tóbakslausir“.

Staðreyndir um tóbaksneyslu ungs fólks

„Ef þú byrjar ekki að reykja fyrir tvítugsaldurinn eru mjög miklar líkur – 73% – á því að þú reykir aldrei!“

Þetta kemur fram í rannsókninni Heilsa og líðan Íslendinga 2007.

(Miðað við reynslu 18–79 ára núlifandi Íslendinga).

Fjórir af hverjum fimm unglingum sem ánetjast tóbaki verða reykingamenn til frambúðar. Á Íslandi er þrisvar sinnum líklegra að börn reykingafólks byrji að reykja en önnur börn. Andstaða foreldra gegn reykingum barnanna hefur hins vegar mjög mikið að segja, hvort sem foreldrarnir reykja sjálfir eða ekki.

Unglingar sem telja foreldra sína viðurkenna þá sem persónur með því að virða skoðanir þeirra, tilfinningar og athafnir eru ólíklegri til að reykja en þeir sem telja þar skorta á.

Reykingar í kvikmyndum

Rannsóknir sýna að í kvikmyndum eru oft sýnd atriði sem geta gefið þá mynd að reykingar séu bæði algengari og umbornari í samfélaginu en þær í raun eru. Framkvæmd var rannsókn í sex Evrópulöndum, Þýskalandi, Íslandi, Ítalíu, Póllandi, Hollandi og Bretlandi til þess að leita m.a. svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hversu útbreiddar eru reykingar í kvikmyndum sem sýndar eru í Evrópu?

- Í rannsókninni voru skoðaðar 250 vinsælustu myndirnar í hverju landi fyrir sig á árunum 2004 til 2009.
- Í hverri kvikmynd var að meðaltali reykt 23 sinnum!

2. Hverjir hafa aðgang að kvikmyndum sem sýna reykingar?

- Einnig var kannað hversu margar kvikmyndir sem sýndu reykingar voru bannaðar börnum.
- Í evrópsku rannsókninni voru aðeins 2% kvikmynda sem sýndu reykingar bannaðar börnum. Allar hinar voru leyfðar börnum og unglingum.

Í heild sýndi rannsóknin að því oftast sem ungt fólk sér reykingar í kvikmyndum, því líklegra er það til þess að hafa prófað að reykja.

(Sjá nánar um rannsóknina á www.smokefreemovies-europe.eu). Hægt er að fá upplýsingar um samkeppnina á www.landlaeknir.is/tobakslausbekkur/.